



Fundur stjórnarnefndar Þjóðskjalasafns Íslands fimmtudaginn 2. mars 2017 kl. 12 haldinn í húsakynnum safnsins að Laugavegi 162 í Reykjavík. Fundinn sátu Anna Agnarsdóttir formaður, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Svanhildur Bogadóttir og Guðmundur Jónsson. Enn fremur sátu fundinn Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður og Njörður Sigurðsson sviðsstjóri upplýsinga- og skjalasviðs Þjóðskjalasafns sem ritaði fundargerð. Helga Jóna Eiríksdóttir boðaði forföll og Gunnar Gíslason mætti ekki.

#### Dagskrá:

1. Uppgjör starfsáætlunar og reksturs ársins 2016.
2. Starfsáætlun 2017.
3. Fjárveitingar og rekstraráætlun 2017.
4. Framlög til héraðsskjalasafna 2017
5. Skönnunar og miðlunarverkefni héraðsskjalasafna 2016.
6. Stefna Þjóðskjalasafns 2017–2019.
7. Áhersluatriði ÞÍ gangvart mennta- og menningarmálaráðuneyti.
8. Húsnæðismál. Endurnýjun húss 5 og flokkun ófrágenginna skjala þar.
9. Heimsókn mennta- og menningarmálaráðherra.
10. 135 ára afmæli Þjóðskjalasafns 3. apríl 2017.
11. Frágangur fundargerðar.

Anna Agnarsdóttir, formaður stjórnarnefndar, setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Síðan var gengið til boðaðrar dagskrár.

### **1. Uppgjör starfsáætlunar og reksturs ársins 2016.**

Þjóðskjalavörður kynnti uppgjör á starfsáætlun og rekstri Þjóðskjalasafns árið 2016. Í máli þjóðskjalavarðar kom fram að af 148 aðgerðum ársins 2016 náðist að ljúka að fullu eða að mestu við 52, 25 áfram í vinnslu og 45 verkefni voru jafnframt flutt yfir á nýtt ár og 21 verki var frestað eða sett í bið vegna mikilla anna og af fjárhagsástæðum. Taldi þjóðskjalavörður árangur ársins góðan og vísaði til samantektar um helstu verkefni ársins 2016. Þjóðskjalavörður kynnti einnig notkun á vefjum Þjóðskjalasafns á árinu 2016. Rekstur safnsins árið 2016 skilaði kr. 1.441.656 í tekjuafgang.

Til máls tóku Eiríkur G. Guðmundsson, Anna Agnarsdóttir, Svanhildur Bogadóttir og Guðmundur Jónsson.

### **2. Starfsáætlun 2017.**

Þjóðskjalavörður kynnti starfsáætlun ársins 2017. Breytt uppsetning er á starfsáætlun ársins 2017 og gefur hún skýrari mynd af markmiðum og verkefnum. Í ár eru sett fram 39 markmið sem ætlunin er að ná á árinu, þar af eru 19 á upplýsinga- og skjalasviði, 14 á varðveislun- og miðlunarsviði, 3 á skrifstofu rekstrarsviðs og 3 í húsnæðismálum.

Til máls tóku Eiríkur G. Guðmundsson, Anna Agnarsdóttir, Svanhildur Bogadóttir, Jóhanna Gunnlaugsdóttir og Guðmundur Jónsson.



### 3. Fjárveitingar og rekstraráætlun 2017.

Þjóðskjalavörður kynnti fjárveitingar og rekstraráætlun ársins 2017. Í ár er framlag ríkissjóðs til safnsins kr. 367.200.000. Af því eru kr. 30.300.000 sem eru rekstrar- og verkefnastyrkir til héraðsskjalasafna. Áætlaðar sértekjur safnsins árið 2017 eru kr. 51.336.810. Langstærsti útgjaldaliður safnsins er launakostnaður eða um kr. 282.000.000.

Til máls tóku Eiríkur G. Guðmundsson, Guðmundur Jónsson og Anna Agnarsdóttir.

### 4. Framlög til héraðsskjalasafna 2017.

Þjóðskjalavörður greindi frá því að framlög til héraðsskjalasafna úr ríkissjóði væru kr. 30.300.000 sem væru ætlaðir til rekstrarstyrkja og verkefnastyrkja. Þjóðskjalasafni Íslands væri falið að úthluta styrkjunum. Rekstrarstyrkur nemur kr. 14.700.000 og er honum úthlutað skv. reglu sem samþykkt var á fundi Þjóðskjalasafns Íslands og héraðsskjalasafna fyrir nokkrum árum. Reglan felur í sér að helmingi styrksins er úthlutað jafnt til allra 20 héraðsskjalasafna. Hinum helmingi rekstrarstyrksins er úthlutað til héraðsskjalasafna sem eru með eitt stöðugildi eða fleiri. 14 héraðsskjalasöfn hafa eitt stöðugildi eða fleiri og fá því hvert í rekstrarstyrk kr. 892.500. Sex héraðsskjalasöfn hafa minna en eitt stöðugildi og fá hvert kr. 367.500 í rekstrarstyrk.

Styrkir til miðlunar og skönnunar á héraðsskjalasöfnum nema kr. 15.600.000 á árinu. Auglýst var eftir umsóknum um styrki til verkefna þann 14. febrúar sl. með umsóknarfresti til 15. mars nk. Við úthlutun styrkja í ár njóta áfram forgangs umsóknir um skönnun og miðlun skjala frá því fyrir 1930. Einnig koma til álita umsóknir um skönnun og miðlun gjörðabóka sveitarstjórna. Þá koma jafnframt til álita umsóknir sem fleiri en tvö söfn standa að um lausnir á miðlun skannaðra skjala. Í úthlutunarnefnd fyrir verkefnastyrki héraðsskjalasafna sitja Anna E. Gunnarsdóttir fjármálastjóri á Þjóðskjalasafni, Unnar Ingvarsson sérfræðingur á Þjóðskjalasafni og Magnús Karel Hannesson sviðsstjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Til máls tóku Eiríkur G. Guðmundsson, Anna Agnarsdóttir, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Svanhildur Bogadóttir og Guðmundur Jónsson.

### 5. Skönnunar- og miðlunarverkefni héraðsskjalasafna 2016.

Þjóðskjalavörður greindi frá stöðunni á styrkjum vegna skönnunar- og miðlunarverkefna héraðsskjalasafna árið 2016. Alls var úthlutað til 12 verkefna kr. 15.000.000. 80% af styrkfé hefur þegar verið greitt út en 20% fjárins er greitt út við verklok. Alls hafa þrjú héraðsskjalasöfn skilað lokaskýrslum en samkvæmt áætlunum frá styrkþegum mun öllum verkefnum sem fengu úthlutun árið 2016 vera lokið í lok júní 2017. Rætt um að upplýsingar um miðlun heimilda héraðsskjalasafna verði aðgengileg á einum stað, t.d. á vef Þjóðskjalasafns.

Til máls tóku Eiríkur G. Guðmundsson, Anna Agnarsdóttir, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, Svanhildur Bogadóttir og Guðmundur Jónsson.



## 6. Stefna Þjóðskjalasafns 2017-2019.

Þjóðskjalavörður kynnti stefnu Þjóðskjalasafns 2017-2019 sbr. 31. gr. laga um opinber fjármál. Þjóðskjalasafn skilaði stefnunni til mennta- og menningarmálaráðuneytisins í janúar sl. Í stefnunni eru sett fram þrjú mælanleg markmið í kjarnastarfsemi og þrjú markmið í rekstrarþáttum. Markmið í kjarnastarfseminni eru (1) að efla skjalavörslu og skjalaskil afhendingarskyldra aðila, (2) bæta aðgengi að safnkostinum og auka þjónustu og (3) að auka framboð efnis til fræðslu og miðlunar. Í rekstrarþáttum eru markmiðin (1) að efla mannauð og starfsánægju, (2) efling markmiðasetningar og skilvirkra starfshátta og (3) efling upplýsingatækni og árangursmælinga.

Til máls tóku Eiríkur G. Guðmundsson og Anna Agnarsdóttir.

## 7. Áhersluatriði ÞÍ gangvart mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Þjóðskjalavörður kynnti áhersluatriði Þjóðskjalasafns gagnvart mennta- og menningarmálaráðuneytinu sem voru kynnt á fundi með ráðherra í janúar sl. Áhersluatriði voru að auka skilvirkni og hagræðingu í starfseminni, bæta aðgengi að safnkostinum, setning reglna og reglugerða um skjalastjórn og skjalavörslu, fjölgun starfsfólks vegna aukins álags og nýrra verkefna, endurbætur í húsnæðismálum og bæta skjalastjórn ríkisins og auka rafræn skil afhendingarskyldra aðila.

Til máls tóku Eiríkur G. Guðmundsson, Guðmundur Jónsson og Anna Agnarsdóttir.

## 8. Húsnæðismál. Endurnýjun húss 5 og flokkun ófrágenginna skjala þar.

Þjóðskjalavörður fór yfir stöðu verkefnis endurnýjunar húss 5 og áætlun um flokkun og skráningu ófrágenginna skjala sem nú eru varðveitt í húsinu. Hönnun á endurnýjun á húsi 5 er að ljúka og er stefnt að útboði í lok mars eða byrjun apríl næstkomandi. Ráðgert er að 200 m.kr. verði settar í endurnýjun hússins á árinu 2017 og 159 m.kr. á árinu 2018. Stefnt er að því að nýtt hús verði tekið í notkun árið 2018. Þegar hús 5 verður fullbúið mun það rúma um 15 hkm. af skjölum og verður húsið búið fullkomnu kerfi sem stýrir hita- og rakastigi í geymslunum.

Í kjallara húss 5 eru um 3,5 hkm. af ófrágengnum skjölum þrotabúa frá 20. öld. Þjóðskjalasafn hefur óskað eftir að fá fjárveitingu (91 m.kr.) til að ráða starfsmenn og leigja aðstöðu til að ganga frá og skrá skjölin á meðan framkvæmdir standa yfir í húsi 5. Gangi það eftir munu skjölin vera frágengin og skráð árið 2019.

Til máls tóku Eiríkur G. Guðmundsson, Anna Agnarsdóttir og Jóhanna Gunnlaugsdóttir.

## 9. Heimsókn mennta- og menningarmálaráðherra.

Þjóðskjalavörður greindi frá heimsókn mennta- og menningarmálaráðherra í Þjóðskjalasafn 26. janúar sl. Ráðherra skoðaði húsakynni safnsins, hitti starfsfólk og fékk kynningu á starfseminni.

Til máls tóku Eiríkur G. Guðmundsson, Anna Agnarsdóttir og Jóhanna Gunnlaugsdóttir.



**10. 135 ára afmæli Þjóðskjalasafns 3. apríl 2017.**

Þann 3. apríl nk. verður Þjóðskjalasafn 135 ára og kynnti þjóðskjalavörður hugmyndir um hvernig afmælinu yrði fagnað. Á afmælisdaginn verður hátíðardagskrá í Þjóðskjalasafni fyrir starfsfólk og boðsgesti. Sérstök prentuð útgáfa af teikningum af Bessastöðum verður gefin forseta Íslands á afmælisdaginn. Sett verður upp skjalasýning í tilefni afmælisins, gefin út bók um manntalið 1703 og minnisbók Guðbrands biskups til minningar um Ólaf Ásgeirsson, fyrrverandi þjóðskjalavörð, verður gefin út. Þá er stefnt að málþingi um starfsemi safnsins á haustmánuðum.

Til máls tóku Eiríkur G. Guðmundsson, Anna Agnarsdóttir, Jóhanna Gunnlaugsdóttir og Guðmundur Jónsson.

**11. Frágangur fundargerðar.**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:20.